

Fyrsti fundur foreldraráðs var haldinn í Jötunheimum miðvikudaginn 4.febrúar 2015 kl.20:00. Fundinn sátu Júlíana Tyrfingsdóttir leikskólastjóri, Guðrún Hrafnhildur Klemensdóttir formaður, Hugrún Vignisdóttir ritari og Sif Sigurðardóttir meðstjórnandi.

Byrjað var á því að kjósa formann og ritara. Júlíana leikskólastjóri fór svo yfir handbók og hlutverk foreldraráða í leikskólum. Þar kom fram að foreldraráð þarf að hafa ákveðnar starfsreglur og starfsáætlun. Slíkt verða því fyrstu verkefni nýs foreldraráðs, að móta starfsreglur- og áætlun ráðsins.

Júlíana greindi frá því að skólanámskrá Jötunheima væri að verða tilbúin. Foreldraráð mun svo fara yfir hana með tilliti til þeirra verkefna sem eru nú þegar í gangi í Jötunheimum. Stefnt verður að því að birta skólanámskránni í kringum Vorhátíðina.

Farið var yfir starfsáætlun Jötunheima sem unnið hefur verið að hörðum höndum og ber áætlun merki þess. Áætlunin er skýr og vel unnin að mati foreldraráðs.

Velt var upp þeirri hugmynd hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi við önnur foreldraráð í Árborg. Verður það kannað í kjölfar fundar.

Einnig var farið yfir mun á foreldraráði og foreldrafélagi. Stefnt verður að því að opna síðu innan heimasíðu leikskólans, sem ætluð verður foreldraráði. Þar munu birtast fundarpunktur og fleiri gagnlegar upplýsingar er varða starfsemi foreldraráðs svo sem starfsreglur og starfsáætlun.

Fundi slitið kl.21:10. Næsti fundur áætlaður 6.maí kl.20.

Fyrir hönd foreldraráðs
Hugrún Vignisdóttir, ritari.